

## **Auglýsing um próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa**

Með vísan til laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, verða próf til löggildingar til endurskoðunarstarfa haldin í október 2009 sem hér segir:

Próf í endurskoðun og tengdum greinum                      þriðjudaginn 20. október  
Próf í reikningsskilum og tengdum greinum            fimmtudaginn 22. október

Um efnissvið prófanna vísast til 3. mgr. reglugerðar nr. 589/2009 um próf til löggildingar endurskoðunarstarfa.

Þeir prófmenn sem áttu ólokið einu, tveim eða þrem prófum samkvæmt lögum nr. 18/1997 og reglugerð nr. 475/1998 með síðari breytingum, við gildistöku laga nr. 79/2008 hinn 1. janúar 2009 og kjósa ekki að þreyta próf samkvæmt reglugerð nr. 589/2009, skulu eiga þess kost að þreyta próf samkvæmt eldri reglugerð nr. 475/1998 sem hér greinir:

Próf í endurskoðun    þriðjudaginn 20. október  
Próf í gerð reikningsskila                                  fimmtudaginn 22. október  
Próf í reikningsskilafræðum                                þriðjudaginn 27. október  
Próf í skattskilum    föstudaginn 29. október

Prófin verða haldin í Háskólanum í Reykjavík og hefjast kl. 9 hvern prófdag.

Væntanlegir prófmenn skulu fyrir 25. ágúst nk. tilkynna prófnefnd hvaða próf þeir hyggjast þreyta. Tilkynningar sendist formanni prófnefndar, Árna Tómassyni, Hraunbraut 20, 200 Kópavogi.

Tilkynningu skulu fylgja nafn prófmanns, heimilisfang, tölvupóstfang og staðfesting um að fullnægt sé skilyrðum 4. og 6. tl. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 79/2008 eða 4. og 5. tölul. 1. mgr. 2. gr. laga nr. 18/1997 eftir því sem við á, ásamt kvittun fyrir greiðslu prófgjalds að fjárhæð kr. 180.000,- fyrir hvort próf sbr. 1. mgr. 8. gr. laga nr. 79/2008, um endurskoðendur, en kr. 60.000,- fyrir hvert próf skv. eldri reglugerð. Greiða skal prófgjald hjá Fjársýslu ríkisins, Sölvhólsgötu 7.

Prófnefndin mun boða til fundar með prófmönnum í byrjun september nk.

Reykjavík, 20. júlí 2009

Prófnefnd löggiltra endurskoðenda

